Stefnumörkun Kaleidoscope til verndar ungmennum

1. Markmið

Þessi stefnumörkun setur innri viðmiðunarreglur fyrir alla samstarfsaðlila að Kaleidoscope-verkefninu til að tryggja öryggi, vernd og valdeflingu þátttakandi ungmenna, sér í lagi þeirra sem hafa bakgrunn farandfólks eða koma úr jöðruðum hópum. Hér eru útlistaðaðar meginreglur, verklag og ábyrgð við að halda á lofti réttindum ungmenna og stuðla að öruggu, inngildandi umhverfi í allri starfsemi verkefnisins.

2. Grunngildi

- **Öryggi í fyrirrúmi**: Líkamlegt, tilfinningalegt og andlegt öryggi ungmenna ber að hafa í forgangi við allar aðstæður.
- **Inngilding og aðgengi**: Ýta skal undir þátttöku burt séð frá tungumáli, réttarstöðu og bakgrunni.
- **Menningarnæmi**: Bera skal virðingu fyrir fjölbreyttum sjálfsmyndum, hefðum og sjónarhornum, og láta vera kröfur um að aðlagast.
- **Upplýst samþykki og trúnaður**: Standa skal vörð um persónuupplýsingar og tryggja að fengið séð samþykki fyrir þátttöku, sem og fyrir notkun persónuupplýsinga í fjölmiðlum.
- **Valdefling og atbeini**: Leyfa skal ungmennum að taka upplýstar ákvarðanir og taka þátt í að semja fundarreglur þegar kostur er.
- **Upplýst nálgun við áföll**: Bregðast ber við áföllum af hluttekningu án þess að krefjast útskýringa.

3. Skapa örugg rými

- Hefja skal hvern fund á því að þátttakendur komi sér saman um heildrænar siðareglur í samræmi við stefnu þessa.
- Leggja skal áherslu á **rétt til að hafna þátttöku** í athöfnum án þess að þurfa að gefa fyrir því útskýringar.
- **Ekki skal þvinga** fólk til þátttöku eða til að deila upplýsingum.
- Ef þörf krefur skal ræða einslega við þátttakendur um þarfir hvers og eins.
- Bjóða upp á valkosti um **nafnlausa endurgjöf** (t.d. kannanir).
- Nota skal trausta miðla til auglýsingar.
- Starfsfólki ber að æfa sig í að **hlusta af athygli** og gæta þess að sýna hluttekningu í öllum samskiptum.
- Inna eftir **sérþörfum** í sambandi við **mataræði, aðgengi og hvaðeina annað** fyrir uppákomur.

4. Áhættustýring og viðbragð

- Taka skal á allri óviðeigandi hegðun[1] með því að:
    - Breyta stefnu á fundinum þegar það er öruggt.
    - Fylgja málinu eftir við hlutaðeigandi aðila undir fjögur augu.
    - Gerist þess þörf skal bera málið undir samstarfsaðila innan samtakanna og leita ráða.
- Bjóða upp á **öruggar leiðir fyrir endurgjöf** þar sem **trúnaðar** er gætt og **tungumál er aðgengilegt og skýrt.**
- Gæta þess að hafa **upplýsingar um** hvernig hafa má **samband** við traustar stuðningsstofnanir[2].
- Sjá til þess að í hvívetna sé **farið eftir persónuverndarlögjöf og lögum um barnavernd** í landi allra samstarfsfélaga.

5. Þekking og stuðningur verkefnisteymis

- Deila skal reglulega heimildum og þekkingu á Kaleidoscope Google Drive folder um:
    - Vernd og verndun ungmenna
    - Menningarnæmi og jafnræði
    - Starfshætti um stafrænt öryggi
    - Siðferðilega meðhöndlun frásagnir af skaða.
- Efla **jafningjafræðslu** og **þekkingarskipti** milli samstarfsfélaga. Deila nafnlausum reynslusögum á fundum samstarfsaðila.

6. Úrræði til inngildingar

- Taka á **tungumálahindrunum** með fjölmála efni, tækniúrræðum og tryggja virka þátttöku hlutaðeigandi aðila til að stuðla að tungumálaskiptum.
- Leitast við að hafa bæði innlend og aðflutt ungmenni við skipulagningu starfseminnar.
- Hafa úrræði til að ná til ungmenna með ótrygga réttarstöðu.
- Stuðla að samskiptum milli menningaheima og forðast aðlögunarkröfur.

7. Siðareglur um stafræna miðla og fjölmiðla

- Ávallt nota tækni á hátt sem tryggir örugga og virðingarfulla þátttöku.
- Sjá til þess að fá **skýrt skriflegt samþykki** fyrir allri útgáfu eða notkun upplýsinga.
- **Forðast að auðkenna fólk** nema samþykki hafi verið fengið fyrir því.

---

[1] Óviðeigandi hegðun tekur til hvers konar hegðunar starfsfólks, sjálfboðaliða eða þátttakenda sem stofnar í hættu líkamlegu, tilfinningalegu eða andlegu öryggi ungmenna. Þetta tekur m.a. til athæfis sem kann að vera skaðlegt, þvingandi, mismunar fólki eða brýtur viðteknar siðareglur, jafnvel þótt ekki hafi verið til þess ásetningur. Dæmi um slíkt eru (en einskorðast ekki við):
- Níðingslegt orðfæri, gera hróp að fólki eða tala niðrandi til þess,
- Líkamleg ógnun, óæskileg snerting eða hafa í hótunum
- Mismunun á grundvelli kynþáttar, kyns, trúarbragða, fötlunar, stöðu landvistarleyfis eða annarra einkennandi þátta
- Að þrýsta á ungmenni til að láta uppi persónuupplýsingar eða taka þátt í starfsemi
- Trúnaðarbrestur
- Kynferðislegar athugasemdir, bendingar eða annars konar áreitni
- Að deila eða fara fram á persónuupplýsingar eða myndir á netinu.

[2] Vinsamlegast athugið viðmiðunarreglur sem hér má finna: https://interagencystandingcommittee.org/sites/default/files/migrated/2017-02/1866_psc_iasc_ref_guidance_t2_digital.pdf.

8. Eftirlit og mat

- Kalla eftir endurgjöf með fyrirfram ákveðnum verkefnum um öryggi ungmenna og inngildingu.
- Endurmeta og uppfæra öryggisaðferðir reglulega.
- Sjá til þess að raddir ungmenna fái að heyrast í matsferlum.

9. Tengiliðir og úrræði

- Halda skal uppfærðan lista yfir **stuðningsúrræði** á svæðinu og á landsvísu í hverju samstarfslandi.
- Skipa skal **öryggis- og verndarfulltrúa**[3] í hverri og einni stofnun.

Þessi stefna mótar umgjörð fyrir samstarfsaðila að Kaleidoscope. Hvatt er til þess að aðlaga hana að umhverfi og samhengi á hverjum stað og endurmeta hana og uppfæra til að tryggja gildi hennar og áhrif.

Co-funded by the European Union Kaleido scope

[3] Öryggis- og verndarfulltrúi er skipaður til að hafa yfirumsjón með framfylgni þessarar stefnu um vernd ungmenna og taka á móti ábendingum um vandamál varðandi öryggi og vernd. Viðkomandi er valinn útfrá reynslu af starfi með ungmennum, áreiðanleika, trúnaði, hæfi og þekkingu (eða vilja til að afla sér þekkingar) öryggisreglum og innlendum rammasamningum um vernd.